

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. febrúar 1980.

Kjartan Jóhannsson.

Jón L. Arnalds.

1. febrúar 1980.

Nr. 107.

REGLUGERÐ

um aldurslagatryggingu vegna úreltra og óhagkvæmra fiskiskipa.

1. gr.

3% útflutningsgjalds samkvæmt b) lið í 2. tölul. 2. gr. og tekjum samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 2 1. febrúar 1980 um breyting á lögum nr. 5 13. febrúar 1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal varið til að styrkja útgerðaraðila til að taka úrelt og óhagkvæm fiskiskip úr notkun.

2. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, úreldingarsjóð, sem tekjur samkvæmt 1. gr. skulu renna til. Heimili sjóðsins verður hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, sem veitir viðtöku umsóknum um styrki úr sjóðnum.

3. gr.

Sérstök stjórn skal úthluta fé úr sjóðnum. Stjórnina skipa þrír af stjórnarmönnum Samábyrgðarinnar sem stjórn hennar tilnefnir, og að auki þrír menn sem sjávarútvegsráðherra skipar samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila:

Fiskveiðasjóður Íslands,
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands,
Sjómannasamband Íslands.

Ráðherra skipar þessa þrjá fulltrúa samtímis því að skipað er í stjórn Samábyrgðarinnar.

Kostnaður vegna starfsemi sjóðsins skal greiddur af aflafé hans þ. á m. kostnaður, sem Samábyrgðin greiðir vegna starfsemi hans.

4. gr.

Þegar útgerðaraðila er veitt fé úr sjóðnum, skal tekið tillit til bóta, sem hann kann samtímis að fá úr Aldurslagasjóði samkvæmt II. kafla laga nr. 37/1978 um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Þótt útgerðaraðili eigi ekki rétt á bótum úr Aldurslagasjóði, skal það þó ekki hamla því, að hann fái styrk úr úreldingarsjóðnum, ef sjóðsstjórn telur ástæðu til að slíkur styrkur sé veittur.

5. gr.

Stjórn úreldingarsjóðs skal við úthlutun styrkja meta fjárhagsstöðu umsækjenda með tilliti til allra skulda, veðskulda, haldsréttarskulda og lausaskulda. Sjóðsstjórn er ekki skylt að veita styrk að því marki að útgerðaraðili verði skuldlaus.

6. gr.

Stjórn úreldingarsjóðs, eða starfsmaður sem hún ræður, greiðir allar skuldir útgerðaraðila, sem styrk fær, að því maki sem styrktarfé hrekkur til. Leitað skal samkomulags við kröfuhafa um afslátt af kröfum, sem sanngjarn getur talist, þ. m. t., af skuldabréfum, sem eru til langs tíma og með vöxtum, sem eru lægri en almennir lánavextir.

Sjóðsstjórn skal jafnan gæta þess, að forgangskröfur séu greiddar á undan öðrum kröfum svo að öllum veðböndum áhvílandi viðkomandi skipi, sem eyða skal eða taka á úr rekstri sem fiskiskip, sé aflýst.

7. gr.

Styrkþega er skylt að sjá til þess að skipi, sem styrkur er veittur til, verði eytt eða það tekið endanlega úr umferð sem fiskiskip. Sjóðsstjórn er heimilt að halda eftir hluta af veittum styrk til tryggingar því, að framangreindu skilyrði verði fullnægt. Stjórn sjóðsins skal ákveða það hverju sinni, hversu miklum hluta af veittum styrk skuli haldið eftir í þessu skyni.

Stjórn sjóðsins er og heimilt að veita sérstakan styrk til að kosta eyðingu fiskiskips. Skal upphæð styrksins miðuð við hófleg mörk að mati sjóðsstjórnar og aldrei vera hærri en sem nemur raunverulegum kostnaði. Skal styrkþegi sanna kostnað, ef sjóðsstjórn krefst þess, með því að leggja fram kostnaðarreikninga, sem sjóðsstjórn metur gilda.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 5 13. febrúar 1976 samanhver lög nr. 2 1. febrúar 1980 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. febrúar 1980.

Kjartan Jóhannsson.

Ingimar Einarsson.

S A M Þ Y K K T**um hundahald í Suðureyrarhreppi.**

1. gr.

Hundahald er bannað í Suðureyrarhreppi.

2. gr.

Þeim, sem áttu hunda fyrir 31. júlí 1979 er heimilt að halda þeim til 1. september 1980 með eftirfarandi skilyrðum:

- Skrá skal hund á skrifstofu hreppsins.
- Greiða skal sérstakt gjald til sveitarsjóðs, sem sveitarsjóður ákveður, og skal upphæð gjaldsins miðast við þann kostnað sem hreppurinn hefur af skráningu og eftirliti með hundum.
- Ábyrgðartryggja skal hunda hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi og leggja fram skirteini því til sönnunar.